

# Fræðslunefnd

## FUNDUR – 12. ágúst 2010

Fundur haldin í fræðslunefnd Blönduósbæjar vegna Blönduskóla fimmtudaginn 12. ágúst 2010 kl. 17:15 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Mæting er samkvæmt undirskrift.

Formaður nefndarinnar, Auðunn Steinn Sigurðsson setti fundinn.

### Dagskrá:

1. Starfsmannamál
2. Nafnabreyting.
3. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

#### 1. Starfsmannamál.

Þórhalla Guðbjartsdóttir skólustjóri fór yfir starfsmannamál skólans. Í kjölfar auglýsingar um laus störf bárust 5.umsóknir.

Þórhalla mælir með eftirfarandi aðilum í auglýst störf:

Helga Ágústsdóttir í umsónarkennslu, tónmennt ofl. Inese Elferte í myndmennt og Anna Margret Sigurðardóttir í umsónarkennslu og heimilisfræði.

Einnig var búið að ráða í afleysingar vegna orlofs kennara en var sú umsókn dregin til baka og því búið að auglýsa aftur með umsóknarfresti til 16.ágúst.

Auðunn situr hjá við afgreiðslu þessa máls. Nefndin samþykkir tillögu Þórhöllu.

Allir umsækjendur eru með réttindi og ánægjulegt að geta mannað þessar stöður með fagfólki.

#### 2. Nafnabreyting.

Búið er að ganga formlega frá nafnabreytingu skólans. Tilkynna þurfti Hagstofu og Menntamálaráðuneytinu um nafnabreytinguna og hefur það verið gert.

Nýtt nafn skólans, Blönduskóli, var fyrst notað opinberlega í tilkynningu um væntanlega skólasetningu í Glugganum í vikunni.

#### 3. Önnur mál.

Áætlaður fjöldi nemenda skólans er 122 á haustönn 2010.

Gera má ráð fyrir því að kallað verði til fundar fljótlega til að kynna umsóknir vegna afleysingarkennslu sem þurfti að auglýsa aftur, sem og til að kynna vetrarstarf skólans.

Fundargerðin upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18.00.

Auðunn Steinn Sigurðsson  
Heiðrún Bjarkadóttir  
Þórhalla Guðbjartsdóttir  
Hilmar Þór Hilmarsson  
Árný Þóra Árnadóttir  
Anna Kr. Davíðsdóttir

Lilja Árnadóttir